



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á málþingi til heiðurs  
Steingrími Hermannssyni átræðum  
Kópavogi  
22. júní 2008**

Ágæti Steingrímur, Edda  
og fjölskylda; málþingsgestir.

Við komum hér saman til að heiðra merkan forystumann sem markaði djúp spor í framfarasögu Íslendinga, hugsjónamann sem sótti styrk í arfleifð bænda og sjósóknara, umhverfisvin sem ber heitar tilfinningar til ættjarðarinnar en er um leið heimsborgari sem aflaði sér menntunar í vísindum og tækni. Við slíkt tækifæri er hollt að minnst þess að það Ísland sem fósttraði Steingrím Hermannsson fyrir áttatíu árum var enn land fátæktar og erlends valds, baráttunnar fyrir daglegu brauði.

Heimskreppan mikla og síðan heimsstyrjöld, mannfórnir meiri en sögur höfðu áður greint; í því ölduróti urðu Íslendingar að finna nýtt siglingarlag.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki einu sinni séð dagsins ljós þegar Steingrímur fæddist, Jón Þorláksson var foringi íhaldsmanna og Jónas og Tryggvi stýrðu í Stjórnarráði. Á æskuárum afmælisbarnsins tóku svo Hermann og Eysteinn við, Bretar hernámu landið og Winston Churchill kom í heimsókn.

Með sigurgleði sjálfstæðisbaráttunnar og fögnuðinn yfir lýðveldisstofnun í heitu hjarta stundaði Steingrímur nám í hinum gamla Lærða skóla við Lækjargötu og hélt að því búnu yfir hafið, í vesturvíking líkt og landkönnuðir fyrir þúsund árum. Hann kaus að sækja háskóla í Bandaríkjunum þegar fáir Íslendingar sóttu sér æðri menntun á þær slóðir. Kom svo heim fyrir meira en fimmtíu árum, tók að glíma við verkfræðilausnir og stýra stefnumótun á vettvangi rannsóknarstofnana hins unga lýðveldis.

Enginn leiðtogi í íslenskum stjórnámálum á lokaskeiði 20. aldar átti sér slíkar rætur, bar í sjóði minninganna reynslu frá tímum kreppu og heimsstyrjaldar, hafði mótast af ættjarðarást og íslenskum hefðum foreldrahúsa, sem og af menntastraumum og framfarasókn í forystulandi heimsins.

Við sem höfum átt því láni að fagna að vera samferða Steingrími Hermannssyni á umliðnum áratugum vitum vel hve ríkuleg áhrif uppruninn hefur haft á lífsskoðun hans, hve giftusamlega Steingrímur hefur nýtt veganestið sem hann hlaut á æskuárum. Jafnt á góðum stundum gleðinnar sem og á erfiðum augnablikum ákvarðana setti heimanfylgjan ávallt mark á viðbrögð hans.

Leiðir okkar lágu fyrst saman fyrir röskum fjórum áratugum þegar Eysteinn taldi rétt að við ræddumst við reglulega. Sátum svo tveir með vöflur og þeyttan rjóma á efstu hæð Hótels Sögu, í Bændahöll sem stéttarsamtök undir forystu Framsóknarmanna höfðu reist í höfuðborginni handa erlendum gestum og góðbændum sem komu í bæinn.

Þarna sátum við ungir mótaðir af menntun á Englandi og í Bandaríkjunum og ræddum framtíð Íslands, stöðu flokksins, verkefni sem einkenndu Viðreisnarárin. Það væri gaman að eiga nú í fórum sínum upptökur af orðræðunum, geta rifjað upp í ljósi þess sem síðar varð hvað okkur lá þá á hjarta, hvornig þessir tveir ungu menntamenn mátu Framsóknarflokkinn.

Eysteinn átti sér þá ósk þegar hann lét af formennskunni árið 1968 að við tækjum báðir sæti í æðstu stjórn flokksins, taldi fyrir bestu að fá unga menn með slíkan bakgrunn, baráttuvilja og nýja sýn í forystuna. Eftirmaður hans var hins vegar á annarri skoðun, vildi ekki taka áhættuna af að hafa okkur of nærri sér.

Steingrímur hefur að vísu á stundum sagt að hann hafi fengið það verkefni að fá mig í flokkinn og koma mér svo út úr honum, en það er nú nokkuð í stílinn fært eins og háttur er góðra sögumanna.

Um árabíl kölluðumst við nokkuð á, bæði í þingsölum og á mannamótum, vorum jafnvel farnir að keppa báðir um atkvæðin á Reykjanesi. Ætíð vöktu þó í hugum okkar minningar frá samræðustundum á yngri árum; þráður gamalgróinn slitnar aldrei.

Það sýnir best hve lengi býr að fyrstu gerð, traustinu sem fyrrum var skapað, að sumarið 1988 þegar Steingrímur var í sjóferðinni með Þorsteini og Jóni Baldvin skyldi ég ákveða að fara á fund hans í utanríkisráðuneytinu við Hverfisgötu til að tjá honum í trúnaði að ég teldi þjóðinni fyrir bestu að ný ríkisstjórn tæki við undir forsæti hans. Ég væri

reiðubúinn að tryggja að flokkurinn sem ég veitti þá forystu myndi taka þátt í slíku verki. Erfiðleikar í efnahagslífi, yfirvofandi gjaldþrot atvinnuvega, verðbólga og gengisvandi sköpuðu knýjandi nauðsyn á nýrri stjórn. Ég væri kominn til að tilkynna honum stuðning í forystusætið.

Steingrímur horfði á mig, dálítið hissa, átti kannski ekki von á þessum boðskap frá mér, en þarna var lagður grundvöllur að samstarfi og endurnýjaðri vináttu sem varað hefur í tuttugu ár.

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar 1988–1991 mun þegar fram líða stundir og sagnfræðingar leggja á vegferð þjóðarinnar mælikvarða sem ekki eru litaðir af orrahríð og togstreitu líðandi stundar verða talin með merkari ríkisstjórnnum í sögu hins íslenska lýðveldis.

Þeirri stjórn tókst að afstýra hruni atvinnuvega, ráða niðurlögum verðbólgunnar sem herjað hafði á efnahagslífið í áratugi og skapa víðtæka þjóðarsátt um stöðugleika og batnandi líf skjör.

Margir hafa á síðari árum reynt að eignast sér þessa Lilju, ýmsum skáldum ætlaður kveðskapurinn, en staðreyndirnar tala sínu máli. Það var forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson og samráðherrar hans sem leiddu Ísland út úr ólgusjó verðbólgunnar og inn á nýjar lendur þjóðarsáttar.

Auðvitað var atburðarásin hönnuð á þann veg að sviðsljósið beindist oft að öðrum þegar áföngum var náð. Í því fólst stjórnviskan og Steingrímur átti hana í ríkum mæli. Hann vissi að ef ætti að festa þjóðarsátt í sessi yrðu forystumenn stéttarsamtaka að fá sitt svigrúm, jafnvel heiður og dýrðarljóma. En leiksviðið sjálft, undirstöðurnar, aðdragandann og umgjörð alla smíðaði yfirsmiðurinn við Lækjargötu með sínum mönnum enda löngum laginn með sporjárn og hefil, hamar og sög.

Steingrímur hefur ætíð verið reiðubúinn að fara nýjar leiðir, skoða hugmyndir sem í fyrstu virðast fjarstæðukenndar. Það kom berlega í ljós þegar við á góðri stundu að loknum málsverði á Bessastöðum ákváðum í aðdraganda að hátíðarhöldunum árið 2000 vegna landafunda Leifs heppna að fá Bandaríkin til að gefa út með Íslandi sérstaka heiðursmynt og stofna styrktarsjóð fyrir tekjurnar. Heimsveldið hafði að vísu aldrei áður gefið út slíka mynt með öðru ríki og jafnvel Bretar orðið að gefast upp þegar Bandaríkin höfðu ítrekað sagt nei við þá.

Það var gaman að leggjast í þennan víking með Steingrími og saman tókst okkur að koma í gegnum þingið í Washington sérstökum lögum um sameiginlega myntsláttu Íslands og Ameríku, eina myntbandalagið sem Ísland hefur á síðari tímum verið aðili að. Það eru ekki mörg dæmi ef þá

nokkurt annað um að forseti og fyrrverandi forsætisráðherra í öðru landi skapi sérstök lög fyrir Bandaríkin og Steingrímur hefur síðan stýrt Leifssjóðnum af sínum alkunna skörungsskap.

Já, það er margbrotin saga, ævi og barátta Steingríms Hermannssonar, forysta hans í málefnum þjóðarinnar, leiðsögn á tímum umbrota og erfiðleika, áherslurnar þegar ný heimsmynd blasir við.

Enn hefur hann vakandi auga með samtíð sinni, áhugasamur um verkefni líðandi stundar en ber kannski líka kvíðboga fyrir framtíðinni.

Hann veit betur en flestir aðrir að staða Íslands er á engan hátt sjálfgefin né hagsmunir þjóðarinnar tryggðir án fyrirhafnar.

Þess vegna minnir hann okkur á mikilvægi sjálfstæðis, á arfinn sem fyrri aldir færðu okkur, á sigurviljann sem tryggði þjóðinni fullveldið.

Kynslóðin sem fæddist í kreppunni miklu og fagnaði ung lýðveldisstofnun, kynslóðin sem þurfti með eigin hendi að treysta efnahagslegar undirstöður hins nýja ríkis, hún veit manna best að forræðið yfir eigin málum er dýrmætasti smíðisgripur Íslendinga.

Á nýrri öld er það hinn skýri boðskapur Steingríms Hermannssonar. Fyrir þann málflutning vil ég þakka honum um leið og ég færi Steingrími og fjölskyldunni allri einlægar hamingjuóskir.

Það hafa verið forréttindi, kæri Steingrímur, að eiga þig að vini og samverkamanni og þjóðin hyllir þig á þessum degi sem einn sinn farsælasta forystumann.